

# Grettistak í Reykjavík

*náms og starfsendurhæfing fyrir vímuefnasjúka með langvarandi félagslegan vanda*

Amtmannstíg 5A

# Markmið

Markmið Grettistaks í Reykjavík er að styðja fólk með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu til **sjálfshjálpar**, *p.e. til þátttöku á atvinnumarkaði eða til náms. Leitast er við að bæta lífsskilyrði og fjárhagslegt sjálfstæði (fækka bótapegum).*

# Grettistak á landsvísu

- Samstarfsverkefni Tryggingarstofnunar ríkisins og félagsþjónustu nokkurra sveitarfélaga í landinu frá árinu 2001.
- Stýrihópur: fulltrúar félagsþjónustu sveitarfélaga, þjónustumiðstöðva og Tryggingarstofnunar ríkisins.

# Samstarfsaðilar Grettistaks í Reykjavík

- Samstarf þjónustumiðstöðvanna í Reykjavík, en á ábyrgð þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.
- TR
- Velferðarsvið Reykjavíkur
- SÁÁ
- Námsflokkar Reykjavíkur
- Fjármálanámskeið Garðars
- Alþýðusambandið
- Atvinnurekendur ýmsir

# Inntökuferli

fer fram hjá félagsráðgjöfum/ráðgjöfum á þjónustumiðstöðvunum.

- Hverjir geta sótt um ?
- Notendendur þjónustumiðstöðvanna síðastliðin 2 ár með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu.
- Hver eru inntökuskilyrðin ?
- Miðað er við inntöku í Grettistak eftir 1-3 mánaða edrútímabil eftir að meðferð er lokið.
- A) Ef viðkomandi hefur ekki verið nýlega í meðferð er hún eða hann hvött/hvattur til að sækja sér aðstoð hjá meðferðaraðilum. Viðkomandi fær aðstoð við að komast í meðferð og félagsráðgjafi er í tengslum við meðferðaraðilann.
- B) Hafi viðkomandi nýverið verið í meðferð getur inntökuferlið verið styttra þar sem félagsráðgjafi gerir samkomulag um félagslega ráðgjöf með markvissri áætlun varðandi stuðning við endurhæfingu.

# Endurhæfingin er þrískipt

- Endurhæfingin er til 18 mánaða og er sífelld metin. Hver endurnýjun er tekin fyrir á fundi hjá stýrihóp Grettistaks á landsvísu á 3-6 mánaða fresti.
- Fyrsta tímabil 3 mánuðir.
- Annað tímabil 2 mánuðir.
- Þriðja tímabil 13 mánuðir.

# Þáttökusamningur til 18 mánaða og þáttökuáætlun

## *Fyrstu þrjú mánuðirnir:*

Unnið með bata, félaglegt tengslanet, sjálfsmat, sjálfstyrkingu, streitu, fjármál, félagslega færni og lífsleikni. Þátttakendur mæta alla virka daga í skipulagt hópastarf og eru 3-4 tíma í senn. Fastir starfsmenn úrræðisins vinna við endurhæfinguna ásamt ýmsum sérfræðingum þjónustumiðstöðvanna, námsflokka Reykjavíkur og S.Á.Á.

# Þátttökusamningur til 18 mánaða og þáttökuáætlun

## *Fimmti og sjötti mánuður:*

Lífsleikni, líkamsrækt, kennsla í íslensku, réttindindum og skyldum á vinnumarkaði, þjálfun í tölvunotkun, ferilskrá og undirbúningur fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Þátttakendur mæta alla virka daga og eru 3-4 tíma í senn. Fastir starfsmenn úrræðisins vinna við endurhæfinguna ásamt sérfræðingum námsflokka Reykjavíkur og verkalýðsfélaga.

# Þáttökusamningur til 18 mánaða og þáttökuáætlun

## *Síðustu þrettán mánuðirnir:*

Atvinna með stuðningi eða nám. Starfsmenn úrræðisins koma á vinnusamningum með þátttakendum og ýmsum fyrirtækjum fyrir þá sem ætla á vinnumarkað. Aðrir sækja hefðbundið nám. Fastir starfsmenn úrræðisins vinna við endurhæfinguna í samstarfi við vinnuveitendur og skóla.

# Þátttökusamningur til 18 mánaða og þáttökuáætlun

- Aðhaldi er beitt með vímuefnaprófum og einnig er 80% mætingaskylda í alla endurhæfingarþætti.
- Teymisfundir ½ mánaðarlega með þeim aðilum sem koma að úrræðinu hverju sinni. Fjallað er um einstaklingsmál þ.e. framgang bata hvers og eins þátttakanda.
- Að 18 mánuðum loknum er tveggja ára eftirfylgd á formi stuðningsviðtala, hópastarfs og stuðningi vegna atvinnu og til náms.

# Greiningar

- Félagssaga og félagslegt tengslanet
- Félagasleg færni, samskipti, líðan og hegðun
- Sálfraeðipróf, ýmsir streituskalar, fælni, kvíði, þunglyndi og viðhorf.
- Námssaga og námsgeta
- Áhugasviðspróf
- Neyslusaga vímuefna, meðferðarsaga, fíknistig og edrútímabil
- Almennt heilsufar: líkamlegir og geðrænir sjúkdómar og sjúkrahúsalegur
- Afbrota og fangelsissaga
- Tengsl við félagsþjónustu: félagsráðgjafi á hverri þjónustumiðstöð gerir greinargerð

# Dagskrá Grettistaks í Reykjavík árið 2007

## Mars, apríl og maí

KL.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9-10	Líkamsrækt	Hópastarf Bati		Líkamsrækt	Hópastarf/ félagslegt tengslanet
10-11	Líkamsrækt	Hópastarf Bati		Líkamsrækt	Hópastarf/ félagslegt tengslanet
11-12	Líkamsrækt	Hópastarf Bati		Líkamsrækt	Hópastarf/ félagslegt tengslanet
13-14			Sjálfstyrking/ Félagsleg færni/ lífsleikni		Helgin framundan
14-15			Sjálfstyrking/ Félagsleg færni/ lífsleikni		
15-16			Sjálfstyrking/ Félagsleg færni/ lífsleikni		
	AA/NA/GA- fundir	AA/NA/GA- fundir	AA/NA/GA- fundir	AA/NA/GA- fundir	AA/NA/GA- fundir

# Dagskrá Grettistaks í Reykjavík árið 2007

## júní og júlí

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
9-10	Líkamsrækt	Íslenska	Tölvufræðsla	Líkamsrækt	Hvað vil ég, hvert stefni ég ?
10-11	Líkamsrækt	Íslenska	Tölvufræðsla	Líkamsrækt	Ferliskrá
11-12	Líkamsrækt	Íslenska	Tölvufræðsla	Líkamsrækt	Ferliskrá
12-13					
13-14				Teymisfundur ráðgjafa	Hópastarf Helgin framundan
14-15				Teymisfundur ráðgjafa	
	AA/NA/GA-fundir	AA/NA/GA-fundir	AA/NA/GA-fundir	AA/NA/GA-fundir	AA/NA/GA-fundir

# Eftirfylgd og mat

- Tvö ár eftir 18 mánuði í úrræðinu
- Stuðningshópar
- Stuðningur í tengslum við vinnumarkað og nám
- Stuðningsviðtöl
  
- Úrræðið er metið frá upphafi með ýmsum mælitækjum matsrannsókna, prófum á félagslegum þáttum og sálfræðiprófum.
- Tölfræðigreiningar ýmsar